

Föstudaginn 15. febrúar 1952.

Nr. 144/1951. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Péttri Magnúsi Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um brot gegn lögum um eftirlit með matvælum o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars Arnórssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. janúar 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 3. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 43/1951: Ákærvaldið gegn Péttri Magnúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 13. fyrra mánaðar.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn kærða, Péttri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra, Laugavegi 162, fyrir brot gegn lögum nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum o. fl., sbr. reglugerð nr. 136 19. okt. 1946 um mjólk og mjólkurvörur.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1907 á Siglufirði, og hefur, svo vitað sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1938 14/7 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901.

1939 13/12 Sátt: 5 kr. sekt fyrir samskonar brot.

- 1947 27/5 Dómur: 1000 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 1/1935 og reglugerð nr. 22/1935.
- 1948 7/4 Dómur Hæstaréttar í sama máli: Undirréttardómur ómerktur og málinu vísað til dóms á ný.
- 1948 21/7 Dómur lögregluréttar í sama máli og með sömu dómsniðurstöðu og áður (27/5 1947).
- 1949 29/4 Dómur Hæstaréttar í sama máli: Ákærði sýknaður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þann 24. febrúar s.l. skrifaði borgarlæknirinn í Reykjavík Mjólkursamsölunni í Reykjavík bréf, þar sem hann tjáði henni, að sér hefði borizt til eyrna, að mjólk, sem Mjólkursamsalan tæki á móti, væri að einhverju leyti upphituð, áður en Mjólkursamsalan tæki við henni. Spurðist borgarlæknir síðan fyrir um það í bréfi þessu, hvort og að hve miklu leyti þetta hefði við rök að styðjast.

Þann 6. marz s.l. svaraði Mjólkursamsalan bréfi borgarlæknis, og var það m. a. tekið fram í bréfi þessu, að sá háttur hefði verið á hafður í Mjólkursamlagi Borgfirðinga öðru hvoru á síðustu árum og þó einkum sumarið og haustið 1949 að hita nokkuð mjólkina, sem send var til Reykjavíkur, áður en hún var send þangað. Þá segir og í bréfi þessu, að Mjólkurbú Flóamanna hafi einnig reynt aðferð þessa, en lítið notað hana. Enn fremur segir þar, að eftir að Mjólkursamsölunni í Reykjavík varð kunnugt um, að slíkri hitun væri að einhverju leyti beitt í fyrrnefndum mjólkurbúum, hafi hún eindregið aðvarað þau um að fara varlega með þessa aðferð, þ. e. að hita mjólkina sem minnst og hita hana ekki, nema þannig standi á, að miklar líkur bendi til, að hitunin verði til verulegra bóta.

Þá segir loks í bréfi þessu, að slík hitun mjólkur, sem hér ræðir um, hafi verið tekin upp í Noregi á styrjaldartímanum til að auka geymsluþol hennar. Sé mjólkinn ekki hituð svo mikið, að um gerilsneyðingu sé að ræða, heldur sé tilgangurinn með hituninni sá að fækka gerlum hennar, svo að gagn sé að, án þess að skaða hana, og sé mjólkinn að sjálfsögðu kæld, þegar eftir hitunina.

Þetta svarbréf Mjólkursamsölnnar sendi borgarlæknir til umsagnar Sigurði Péturssyni gerlafræðingi og Edward Friðrikssyni mjólkureftirlitsmanni ríkisins þann 8. marz s.l. og óskaði sérstaklega álits þessara manna um, hvort þeir teldu slíka hitun á mjólk, áður en hún er gerilsneydd, hafa skaðleg áhrif á mjólkina. Einnig spurðist borgarlæknir í bréfi sínu til mjólkureftirlitsmannsins sérstaklega fyrir um það, hvort hann hefði gert nokkrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka upphitun á mjólk, sem send væri til gerilsneyðingar í Reykjavík.

Svör þeirra Sigurðar Péturssonar gerlafræðings og Edwards Friðrikssonar mjólkureftirlitsmanns ríkisins við fyrirspurn borgarlæknis um þetta mál verða rakin nokkuð í sambandi við framburði þessara tveggja manna fyrir rétti við rannsókn máls þessa. Þó skal þess þegar getið, að gerlafræðingurinn taldi slíka hitun á mjólk, áður en hún er gerilsneydd, skaðlega fyrir mjólkina og vörusvik af hálfu þess, sem hitunina framkvæmir,

og af svarbréfi mjólkureftirlitsmannsins má ráða, að hann telji slíka hitun mjólkur ekki heppilega, eins og hún var framkvæmd.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. apríl s.l., beiddist lög-
reglustjórinn í Reykjavík þess, að ráðuneytið tæki mál þetta til með-
ferðar, en áður hafði heilbrigðisnefndin í Reykjavík falið honum það sem
formanni nefndarinnar á fundi, sem nefnd þessi hélt þann 14. apríl s.l.
Á fundi þessum hafði borgarlæknir annars skýrt frá því, að hann hefði
orðið þess áskynja, að Mjólkursamsalan í Reykjavík hefði um nokkurt
skeið tekið við til gerilsneyðingar mjólk, sem áður hefði verið upphituð,
og samþykkti nefndin í tilefni af þessum upplýsingum ályktun þess efnis,
að hún teldi slíka hitun á mjólk, áður en hún væri gerilsneydd, brot á
reglugerð frá 19. okt. 1946 um mjólk og mjólkurvörur og lagði um leið
bann við því, að Mjólkursamsalan tæki við upphitaðri mjólk til geril-
sneyðingar og sölu í bænum.

Með bréfi, dags. 31. maí s.l., lagði síðan dómsmálaráðuneytið fyrir saka-
dómarann í Reykjavík að taka mál þetta til réttarrannsóknar og höfða
að rannsókn lokinni mál á hendur kærða fyrir brot á fyrrnefndum lögum
og reglugerð.

Þessi atvik lágu annars til þess, að tekið var að hita mjólk, sem senda
átti á markað í Reykjavík, áður en hún var send þangað, í Mjólkursam-
lagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, samkvæmt framburðum
fyrirsvarsmanna þessara stofnana við rannsókn þessa máls.

Sigurður Guðbrandsson, mjólkurbússtjóri í Borgarnesi, hefur skýrt svo
frá, að frá því sumarið 1947, nánar tiltekið á tímabilinu frá miðjum júní
til miðs október, hafi hann látið hita mjólk þá, sem Mjólkursamlag Borg-
firðinga sendi til Reykjavíkur, og hafi mjólkin verið hituð flesta daga á
þessu tímabili, þó ekki, ef sérstaklega var kalt í veðri. Sigurður kveðst
hafa gefið undirmönnum sínum fyrirmæli um að hita mjólkina upp í 58°
á Celsius og viti hann ekki til, að út af því hafi verið brugðið, enda hafi
hann oft sjálfur athugað, hvort þessum fyrirmælum hafi verið hlýtt. Að
lokinni þessari hitun hafi svo mjólkin verið kæld niður í 6° á Celsius.

Sigurður Guðbrandsson hefur látið þess getið, að einhvern tíma á sumr-
inu 1949 hafi kærði átt tal við sig og haft orð á, að mjólk frá Borgarnesi
væri óeðlilega gerlálítill. Kveðst Sigurður þá hafa svarað því til, að
mjólkin væri hituð og vel kæld. En ekki segir hann kærða hafa lagt bann
við þessari mjólkurhitun. Loks í aprilmánuði síðastliðnum hafi kærði til-
kynnt sér, að hann mætti ekki taka á móti hitaðri mjólk. Aldrei kveðst
Sigurður hafa tilkynnt Mjólkursamsölu neitt um það, er hann lét hita
mjólkina, hvorki almennt né í sérstökum tilfellum.

Ástæðuna fyrir því, að Sigurður Guðbrandsson lét hita mjólk, sem senda
átti á Reykjavíkurmarkað, segir hann hafa verið þá, að hann hafi viljað
koma mjólkinni frá Borgarnesi óskemmdri til Reykjavíkur eða í eins góðu
ástandi og unnt var. Við slíka hitun mjólkurinnar kveðst Sigurður hafa
haft hliðsjón af reynslu fræðimanna á sviði mjólkurmála á hinum Norður-
löndunum, sem sjálfir höfðu reynt þessa aðferð undir svipuðum kringum-
stæðum.

Hann segir sér jafnan hafa verið ljóst, að tvígerilsneyðing á mjólk væri bönnuð á Íslandi, en kveðst hins vegar ekki líta svo á, að slík hitun mjólkur, sem hann lét framkvæma, væri gerilsneyðing, og væri hún því heimil. Sigurður hefur lýst yfir, að hann telji hitunaraðferð þá, sem hann hefur notað, á engan hátt mjólkinni til skemmdar, heldur gerða til að hindra óeðlilegan gerlavöxt í henni, meðan á flutningi stendur.

Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi stjórnar Mjólkurbús Flóamanna, hefur skýrt svo frá, að undanfarin 2—3 sumur hafi stundum nokkuð af mjólk verið hitað upp í Mjólkurbúi Flóamanna, áður en hún var send á markaðinn í Reykjavík. Segir hann þenna hátt hafa verið hafðan á við mjólk, sem send var fyrst á morgnana til Reykjavíkur, venjulega 2—3 bílfarma, vegna þess að mjólk þessi hafi verið í mjólkurbúinu frá því kvöldið áður og því elzta mjólkinn og hættast við skemmdum. Um tildrögin til þessarar mjólkurhitunar segir Sigurður, að hann og Helgi Mogensen, verkstjóri í Mjólkurbúi Flóamanna, hafi kynnt henni hjá Sigurði Guðbrandssyni, mjólkurbússtjóra í Borgarnesi, og hafi þeim Sigurði Inga og Helga Mogensen síðan komið saman um að reyna slíka mjólkurhitun um sumartímunn við þá mjólk, sem geymd var yfir nóttina í Mjólkurbúi Flóamanna. Sigurður Ingi segir mjólkina hafa verið snögghitaða upp í 50—55° Celsius, en aldrei meira og síðan kælda aftur. Hafi þetta verið gert strax, þegar tekið var við mjólkinni síðari hluta dagsins.

Aldrei segir Sigurður Ingi hafa verið gerða neina athugasemd við þessa meðferð á mjólkinni, og hafi þó mjólkureftirlitsmanni ríkisins verið kunnugt um hana og sennilega flestum, sem að sölu og eftirliti mjólkur störfuðu, því að þetta hafi ekki verið neitt launungarmál. Ekki segir Sigurður Ingi sér hafa dottið í hug, að neitt væri athugavert við þessa meðferð á mjólkinni, þar eð hann taldi ekki vera um neina gerilsneyðingu að ræða, heldur aðeins aðferð til að gera mjólkina geymsluhæfari. Hann segir Mjólkursamsölunni í Reykjavík ekki hafa verið tilkynnt í hvert einstakt skipti, sem hituð mjólk var send til hennar, en hins vegar hafi forráðamönnum hennar verið kunnugt um, að hitunin átti sér stað á því magni og á þeim tíma, sem áður greinir. Sigurður Ingi kveðst minnst þess, að Stefán Björnsson, ráðunautur Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík, hafi oft rætt um hitun mjólkurinnar við hann og Helga Mogensen og varað þá við að misnota hana, hvorki að hita mjólkina of mikið né hita hana, nema þess væri talin brýn þörf, og telur Sigurður Ingi, að þessa hafi verið gætt í Mjólkurbúi Flóamanna.

Framburður Helga Mogensen, verkstjóra í Mjólkurbúi Flóamanna, um mál þetta er í samræmi við framburð Sigurðar Inga hér að framan um öll þau atriði, sem máli skipta. Þeim Helga og Sigurði Inga ber saman um, að ekki hafi slík hitun mjólkur, sem hér ræðir um, verið viðhöfð í Mjólkurbúi Flóamanna á síðastliðnu sumri, enda var heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þá búin að banna Mjólkursamsölunni að taka við og selja áður upphitaða mjólk. Kvaddur hefur verið sem vitni í máli þessu Árni Benediktsson, framkvæmdarstjóri Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík. Segir vitnið sig minna, að það hafi verið sumarið 1948, sem kærði lét þess getið

við það, að hann hefði grun um, að slík hitun mjólkur, sem hér ræðir um, ætti sér stað í Mjólkursamlagi Borgfirðinga, en ekki kveðst það hafa komizt að því, hvað hér væri um mikla hitun að ræða, fyrr en Sigurður Guðbrandsson, mjólkurbússtjóri í Borgarnesi, upplýsti það í blaðagrein á síðastliðnum vetri. Hins vegar kveðst vitnið ekki hafa fengið grun um, að slík mjólkurhitun, en þó í smærri stíl, að því er það telur, hafi átt sér stað í Mjólkurbúi Flóamanna, fyrr en Stefán Björnsson, ráðunautur Mjólkursamsölnunnar, lét þess getið við vitnið í fyrravetur, að svo væri. Vitnið kveðst hafa rætt það við Stefán Björnsson, að hann aðvaraði hin tvö fyrrnefndu mjólkurbú um hitun á mjólkinni, áður en hún væri send Mjólkursamsölnunni, og segist það þá hafa haft orð á því við Stefán, að sér fyndist hæpið, hvort slík mjólkurhitun væri ekki brot á reglugerð um meðferð mjólkur nr. 136/1946. Aldrei kveðst vitnið hafa lagt bann við því, að Mjólkursamsalan í Reykjavík tæki á móti mjólk, sem þannig væri hituð, áður en hún væri send af stað, enda segir hann ekki vera neina leið að staðreyna í hvert einstakt skipti, hvort mjólk sé hituð, er hún berst Mjólkursamsölnunni.

Kvaddur hefur einnig verið sem vitni í málinu Stefán Björnsson mjólkurfræðikandidat, sem fyrr er nefndur. Segir þetta vitni það ekki hafa verið fyrr en sumarið 1949, sem það fékk öruggan grun um, að mjólk væri hituð í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, áður en hún væri send Mjólkursamsölnunni. Bæði áður og eftir að vitnið komst að þessari mjólkurhitun, kveðst það hafa hvatt mjólkurbússtjórana í fyrrnefndum mjólkurbúum til varkárni, bæði hvað það snerti, hvað hita skyldi mjólkina mikið, og eins að beita ekki þessari aðferð, nema fyrir-sjáanlegt væri, að ekki væri hægt að koma mjólkinni til Mjólkursamsölnunnar í sæmilegu ástandi með öðru móti en því að hita hana nokkuð, áður en hún væri send þangað. Þegar vitnið þóttist orðið nokkurn veginn vissst um, að slík mjólkurhitun væri framkvæmd í fyrrnefndum mjólkurbúum, kveðst það sérstaklega hafa hvatt mjólkurbússtjórana í þeim til að láta ekki hita mjólkina upp í nema í mesta lagi 58°, áður en hún væri send Mjólkursamsölnunni. Vitnið kveðst ekki hafa lagt bann við þessari mjólkurhitun við mjólkurbússtjórana, enda segir það sér hafa verið kunnugt um, að heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi vitað um hana jafnsnemma og það.

Þá hefur vitnið tekið fram, að það minni eindregið, að Edward Friðriksson, mjólkureftirlitsmaður ríkisins, hafi einhvern tíma látið í ljós andúð sína við vitnið á slíkri mjólkurhitun, sem hér ræðir um, en hins vegar segir það ekki hafa borizt formlega kvörtun frá heilbrigðiseftirlitinu til mjólkursamsölnunnar út af þessu máli. Aldrei segir vitnið kærða hafa verið sagt, að hann mætti ekki veita viðtöku mjólk, sem áður hefði verið hituð, enda segir það ekki vera hægt að staðreyna í hvert einstakt skipti, hvort mjólk hafi sætt slíkri hitun, sem hér ræðir um, eða ekki.

Eins og fyrr er getið hafa þeir Edward Friðriksson, mjólkureftirlitsmaður ríkisins, og Sigurður Helgi Pétursson gerlafræðingur sent borgarlækni skriflega álitserð um mjólkurhitun, slíka sem hér ræðir um, og einnig hafa þeir báðir verið kvaddir sem vitni við rannsókn málsins.

Verður nú álit þeirra á mjólkurhituninni lýst, svo og framburðir þeirra fyrir rétti um málið raktir nokkuð.

Edward Friðriksson, mjólkureftirlitsmaður ríkisins, hefur skýrt svo frá, að snemma á sumrinu 1948 hafi honum orðið kunnugt um, að Mjólkursamslag Borgfirðinga og Mjólkurbú Flóamanna létu hita mjólk, sem þau sendu til Reykjavíkur. Segir eftirlitsmaðurinn þá Sigurð Guðbrandsson, mjólkurbússtjóra í Borgarnesi, og Helga Mogensen, verkstjóra í Mjólkurbú Flóamanna, hafa sagt sér frá þessari mjólkurhitun, en ekki kveðst hann minnst þess, að kærði gerði sér aðvart um hana, en segist hins vegar vita, að kærða hafi verið kunnugt um mjólkurhitunina frá því í júnímánuði fyrrnefnt ár. Eftir að eftirlitsmanninum varð kunnugt um þessa mjólkurhitun í mjólkurbúunum, sneri hann sér til landlæknis og tilkynnti honum sem yfirmanni sínum vitneskju sína um mjólkurhitunina, en landlæknir lagði fyrir hann að skýra málið fyrir ráðamönnum Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík. Næst sneri eftirlitsmaðurinn sér til þeirra Árna Benediktssonar, framkvæmdarstjóra Mjólkursamsölnunnar, og Stefáns Björnssonar, ráðunauts hennar, og ræddi mál þetta við þá. Var þá a. m. k. ráðunautnum ekki kunnugt um, að slík hitun mjólkur ætti sér stað í hinum tveimur umræddu mjólkurbúum. Síðari hluta júnímánaðar 1948 segir mjólkureftirlitsmaðurinn þá Kára Guðmundsson, sem þá var fulltrúi héraðslæknisins í Reykjavík, hafa orðið vara við óvenjulega háan gerlafjölda í mjólkursýnishornum, sem tekin voru úr gerilsneyðingar-tækjum Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík.

Hafi þetta varað í um það bil viku, en síðan horfið í samt lag aftur. Segir mjólkureftirlitsmaðurinn mjólkurhituninni í mjólkurbúunum tveimur hafa verið kennt um hinn óeðlilega háa gerlafjölda í mjólkinni þenna tíma, og hafi ekki orðið vart við mjólkurhitunina í alllangan tíma á eftir, enda segir hann bæði ráðunaut Mjólkursamsölnunnar og kærða hafa verið mótfallna hituninni, eins og hún var framkvæmd í mjólkurbúunum.

Vorið eða sumarið 1949 segir mjólkureftirlitsmaðurinn þá landlækni hafa komið sér saman um, að athuganir skyldu gerðar á því, hvort og á hvern hátt umrædd hitun mjólkur spillti gæðum mjólkurinnar, en ef í ljós kæmi, að hún spillti ekki mjólkinni, þá yrði athugað, við hvaða hitastig fengist bestur árangur. Úr slíkum athugunum mun þó ekki hafa orðið m. a. vegna þess, að samkomulag mun ekki hafa náðst um þessar athuganir milli mjólkureftirlitsmannsins og forráðamanna Mjólkursamsölnunnar.

Í álitserð sinni um hitun mjólkur, áður en hún er gerilsneydd, segir mjólkureftirlitsmaðurinn, að slík hitun sé bönnuð í mörgum enskumæl-andi löndum, en þar sé þeim, sem taka við mjólkinni, áður en hún er gerilsneydd, skylt að kæla hana, og lítur eftirlitsmaðurinn svo á, að þeirri aðferð ætti einnig að beita hér á landi, þ. e. að kæla mjólkina, áður en hún er gerilsneydd, en ekki hita hana. Enn fremur segir í álitserð mjólkureftirlitsmannsins til borgarlæknis, að þegar mjólk sé hituð á þann hátt, sem hér ræðir um, sé drepinn í henni nokkur hluti af gerlum, sem í henni eru, en þeir gerlar, sem eftir verði, geti myndað hitamótstöðu

og því þolað gerilsneyðingarhita síðar og jafnvel margfaldast í gerilsneyðingartækjunum.

Mjólkureftirlitsmaðurinn hefur tekið fram, að hann teldi ekki slíka hitun mjólkur, sem hér ræðir um, vera gerilsneyðingu í þeirri merkingu, sem venjulega er lögð í það orð, því að með gerilsneyðingu telur hann vera átt við útlenda orðið „pasteurisering“, sem sé sérstök meðferð á mjólk, bundin við ákveðna hitun á mjólkinni. Það er hins vegar álit Sigurðar Péturssonar gerlafræðings, að mjólkurhitun, slík sem framkvæmd hefur verið í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, áður en mjólkinn er send Mjólkursamsöluinni, sé nokkur gerilsneyðing, þótt hitunin sé ekki framkvæmd samkvæmt gildandi reglugerðarákvæðum og nái því ekki þeim tilgangi, sem lögin ætlast til, eins og gerlafræðingurinn kemst að orði í álitsgerð sinni til borgarlæknis. Þetta álit sitt byggir gerlafræðingurinn á því, að við margnefnda hitun, eins og hún er framkvæmd, sé mjólkinn sneydd einhverju af gerlum til að reyna að auka geymsluþol hennar. Þá hefur hann og tekið fram, að samkvæmt sínu álitu sé ekki aðeins átt við pasteurhitun á mjólk, þar sem talað er um gerilsneyðingu á mjólk í reglugerð nr. 136/1946, 14. gr., enda sé pasteurhitun aðeins ein aðferð til að gerilsneyða mjólk með.

Í álitu gerlafræðingsins segir enn fremur, að með slíkri hitun, sem hér ræðir um og hann telur ófullkomna gerilsneyðingu, séu lífsskilyrði vissra gerlategunda í mjólkinni bætt, og þoli þessar sömu gerlategundir því betur hitunina, þegar mjólkinn er gerilsneydd samkvæmt viðurkenndum aðferðum og verði því áhrif hinnar fullkomnu gerilsneyðingar minni en ella. Samkvæmt því, sem að framan er sagt, telur gerlafræðingurinn ljóst, að framangreind tvíhitun sé skaðleg, og auk þess bendir hann á í álitsgerð sinni til borgarlæknis, að með slíkri hitun mjólkur, áður en hún er send á markaðinn, opnast framleiðendum mjólkurinnar leið til að koma henni í betri flokk hjá viðtakanda hennar en efni standa raunverulega til og hylja með hituninni leynda galla mjólkurinnar. — Að öllu athuguðu telur gerlafræðingurinn augljóst mál, að stranglega beri að banna slíka mjólkurhitun, sem hér er rætt um.

Hins vegar segir gerlafræðingurinn ekki vera unnt fyrir viðtakanda mjólkurinnar hér í bænum að sjá, hvort mjólkinn, sem hann tekur við, sé hituð á þann hátt, sem hér ræðir um, eða ekki, a. m. k. ekki í fljótu bragði eða svo öruggt sé. Segir hann rannsóknir á því, hvort um slíka hitun sé að ræða, vera allflóknar og taka nokkuð langan tíma.

Við rannsókn málsins hefur kærði skýrt svo frá, að a. m. k. 2—3 ár séu síðan honum barst til eyrna, að mjólk frá Mjólkurbúi Flóamanna og Mjólkursamlagi Borgfirðinga væri hituð, áður en hún kom til mjólkurstöðvarinnar hér, án þess þó, að um venjulega gerilsneyðingu væri að ræða. Þegar er hann heyrði þetta, kveðst hann hafa gert Mjólkureftirliti ríkisins aðvart um þetta, og kveðst hann eftir það hafa talið málið út af þessu vera komið úr sínum höndum, þar eð hann hafi talið sig bresta heimild til að banna slíka meðferð mjólkurinnar, áður en hún barst Mjólkursamsöluinni. Þótt kærði segist undir vissum kringumstæðum telja

heppilegt að hita mjólk nokkuð, þegar heitast er í veðri, án þess að um fullkomna gerilsneyðingu sé þó að ræða, kveðst hann þrátt fyrir þessa skoðun sína oftast en einu sinni hafa latt forráðamenn Mjólkursamlags Borgfirðinga þess að hafa þessa aðferð, og kveðst hann beinlínis hafa kvartað undan þessari meðferð á mjólkinni. Hins vegar segir kærði sér ekki hafa verið kunnugt um annað en að svo lítil brögð væru að þessari hitun í Mjólkurbúi Flóamanna, að hann hafi talið ástæðulaust að kvarta undan því.

Kærði segir mjólkureftirlitsmann ríkisins aldrei hafa bannað sér að veita viðtöku mjólk, sem áður hefði verið hituð eitthvað, án þess að um fullkomna gerilsneyðingu væri að ræða, og segir hann eftirlitsmanninn ekki hafa minnst á þetta einu orði, svo kærði viti. Ekki kveðst kærði heldur hafa fengið nein fyrirmæli um það frá yfirboðurum sínum við Mjólkursamsöluna að taka ekki við mjólk, sem áður var hituð, enda ekki hægt í hverju einstöku tilfelli að staðreyna, hvort mjólkin var hituð eða ekki, nema ef til vill af því, að hin hitaða mjólk flokkaðist betur, þ. e. í henni væri minna af gerlum.

Aldrei segir kærði heldur forráðamenn Mjólkursamlags Borgfirðinga og Mjólkurbús Flóamanna hafa gert sér aðvart um, hvenær hituð mjólk var send frá þessum mjólkurbúum til Mjólkursamsölnunnar. Þvert á móti segir hann forráðamenn þessara mjólkurbúa hafa gert lítið úr þessari mjólkurhitun við sig.

Eins og fram hefur komið í málavaxtalýsingunni hér að framan, ber þeim kærða og Edward Friðrikssyni mjólkureftirlitsmanni ekki saman um það, hvort kærði hafi gert mjólkureftirlitsmanninum þegar aðvart, er hann (kærði) fékk vitneskju um, að mjólk, sem Mjólkursamsölnunni barst frá Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, væri stundum hituð, áður en hún var send samsölnunni, en þetta ber kærði, en mjólkureftirlitsmaðurinn kannast hins vegar ekki við, að kærði hafi aðvarað hann um þetta eða minnst þess ekki. Hefur ekki náðst samræmi milli þeirra kærða og eftirlitsmannsins um þenna ágreining við samprófun við rannsókn málsins. Ekki sker heldur framburður Kára Guðmundssonar, eftirlitsmanns hjá borgarlæknum í Reykjavík, úr um þetta atriði, en kærði segir hann hafa hlýtt á samtali þeirra Edwards Friðrikssonar og kærða, þegar sá síðarnefndi kveðst hafa gert hinum fyrrnefnda aðvart um mjólkurhitun þá, sem hér skiptir máli, sumarið 1948.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 er svo mælt fyrir, að öll mjólk, sem seld er frá sölumiðstöð, skuli gerilsneydd af viðurkenndum mjólkurbúum, og í 6. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 136 19. okt. 1946 um mjólk og mjólkurvörur segir, að mjólk, sem ætluð sé til sölu, megi aðeins gerilsneyða einu sinni.

Jafnvel þótt talið yrði, að mjólkurhitun sú, sem framkvæmd var á sumrum í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, áður en hún var send Mjólkursamsölnunni, hafi verið einhver gerilsneyðing mjólkurinnar, eins og Sigurður Pétursson gerlafræðingur telur vera, verður hér ekki talið, að gera beri kærða ábyrgan fyrir því, að hann

lét gerilsneyða þessa sömu mjólk, sem áður hafði verið hituð, er hún barst Mjólkursamsölunni, og þá með viðurkenndum og löglegum aðferðum, sbr. 2. tölul. A í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, þar eð sannað telst með framburðum mjólkurbússtjóranna í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna svo og með framburði kærða o. fl., að kærða hafi ekki verið gert aðvart um í hvert einstakt skipti né yfirleitt, hvenær slík hitun mjólkurinnar hefði átt sér stað í fyrrnefndum mjólkurbúum, og kærði virðist heldur ekki hafa getað gengið úr skugga um sjálfur, hvenær mjólkín úr nefndum mjólkurbúum var hituð og hvenær óhituð, a. m. k. ekki nema með flóknum og nokkuð vandasömum aðferðum. Fram hefur það einnig komið við rannsókn þessa máls, að hvorki yfirmenn kærða né aðrir hafi bannað honum að taka við og gerilsneyða þannig áður hitaða mjólk, jafnvel þótt hann hefði í hvert einstakt skipti vitað, hvenær um slíka hitun hefði verið að ræða, sem alls ekki virðist þó hafa verið. Ekki verður heldur talið, að kærði hafi gerzt sekur við lög nr. 24 1. febr. 1936 með því að setja á markaðinn mjólk, sem hann vissi eða mátti vita, að skorti eðlilega hollustu eða væri skaðleg heilbrigði manna, sbr. 3. tölul. 4. gr. fyrrnefndra laga, bæði vegna þess, að á þeim tíma, er kærði vissi, að Mjólkursamsölunni var öðru hvoru send mjólk frá hinum tveimur umræddu mjólkurbúum, sem hituð hafði verið, áður en hún var send samsölunni, virðist alls ekki hafa verið búíð að skera úr um það, hvort slík hitun spillti mjólkinni, svo og vegna þess, samkvæmt því, sem áður er tekið fram, að kærði vissi ekki og hafði ekki aðstöðu til að vita, hvenær samsölunni var send áður hituð mjólk frá þessum tveimur mjólkurbúum og hvenær svo væri ekki.

Að öllu þessu athuguðu þykir bera að sýkna kærða af kæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 350.00, greiðist úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Pétur Magnús Sigurðsson, á að vera sýkn af kæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 350.00, greiðist úr ríkissjóði.